



| Eigandi                             | Býli                           | Fjöldi kinda | Fædd lömb | Til nytja | Kg eftir fullorðna kind |
|-------------------------------------|--------------------------------|--------------|-----------|-----------|-------------------------|
| 1 Eiríkur Jónsson                   | Gýgjarhólskoti, Biskupst.      | 266          | 2,08      | 1,79      | 44,8                    |
| 2 Kjartan Sveinsson                 | Bræðratungu, Biskupst.         | 223          | 1,91      | 1,81      | 43,2                    |
| 3 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjum, Fitjárdal         | 811          | 2,08      | 1,95      | 42,8                    |
| 4 Elín Heiða Valsdóttir             | Úthlíð, Skaftártungu           | 331          | 2,21      | 1,95      | 41,7                    |
| 5 Oddný Steina og Ágúst             | Butru, Fljótshlíð              | 396          | 2,19      | 1,98      | 41,6                    |
| 6 Alina og Magnús                   | Kópvatni, Hrunam.hrepp         | 137          | 2,09      | 1,80      | 40,9                    |
| 7 Teigur 1 sf.                      | Teigi 1, Fljótshlíð            | 577          | 2,15      | 1,92      | 40,3                    |
| 8 Viðar og Sigríður                 | Kaldbak, Rangárvöllum          | 134          | 2,10      | 1,90      | 40,0                    |
| 9 Hrisvellir ehf.                   | Hríshóli, Eyjafjarðarsveit     | 263          | 2,08      | 1,86      | 40,0                    |
| 10 Byggðaból ehf.                   | Kálafelli, Fljótshverfi        | 222          | 2,14      | 1,86      | 39,8                    |
| 11 Bergþóra og Sigurbjörn           | Kiðafelli, Kjós                | 147          | 1,88      | 1,66      | 39,6                    |
| 12 Jón og Hrefna                    | Hóli, Sæmundarhlíð             | 209          | 2,12      | 1,97      | 39,5                    |
| 13 Jóhannes og Ólöf Björg           | Heiðarbæ 1, Þingvallasveit     | 392          | 2,12      | 1,88      | 39,5                    |
| 14 Inga Ragnheiður Magnúsdóttir     | Svínafelli 3 (Bölti), Örafum   | 199          | 1,97      | 1,79      | 39,3                    |
| 15 Hrepphólar ehf.                  | Hrepphólum, Hrunam.hrepp       | 301          | 1,87      | 1,75      | 38,9                    |
| 16 Bryndís og Þórður                | Geirmundarstöðum, Skarðsströnd | 307          | 2,16      | 1,97      | 38,9                    |


1. tafla. Efstu bú landsins samkvæmt afurðum eftir hverja fullorðna á. Einungis bú með 100 eða fleiri vetrafóðraðar ær.

| Eigandi                             | Býli                         | Fjöldi áa | Fjöldi vg áa | Kg eftir allar ær | Nytjahlutfall |
|-------------------------------------|------------------------------|-----------|--------------|-------------------|---------------|
| 1 Eiríkur Jónsson                   | Gýgjarhólskoti, Biskupst.    | 266       | 80           | 40,6              | 83,4%         |
| 2 Kjartan Sveinsson                 | Bræðratungu, Biskupst.       | 223       | 42           | 40,3              | 91,6%         |
| 3 Oddný Steina og Ágúst             | Butru, Fljótshlíð            | 396       | 88           | 38,6              | 88,8%         |
| 4 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjum, Fitjárdal       | 811       | 235          | 38,3              | 89,5%         |
| 5 Inga Ragnheiður Magnúsdóttir      | Svínafelli 3 (Bölti), Örafum | 199       | 25           | 37,8              | 89,9%         |
| 6 Elín Heiða Valsdóttir             | Úthlíð, Skaftártungu         | 331       | 83           | 37,4              | 85,1%         |
| 7 Viðar og Sigríður                 | Kaldbak, Rangárvöllum        | 134       | 29           | 37,3              | 89,0%         |
| 8 Alina og Magnús                   | Kópvatni, Hrunam.hrepp       | 137       | 31           | 36,7              | 84,6%         |
| 9 Teigur 1 sf                       | Teigi 1, Fljótshlíð          | 577       | 147          | 36,6              | 86,6%         |
| 10 Byggðaból ehf                    | Kálafelli, Fljótshverfi      | 222       | 51           | 36,4              | 86,6%         |
| 11 Jón og Hrefna                    | Hóli, Sæmundarhlíð           | 209       | 57           | 36,1              | 89,3%         |
| 12 Björn og Badda                   | Melum 1, Árneshreppi         | 297       | 52           | 35,9              | 90,6%         |
| 13 Bryndís og Þórður                | Geirm.stöðum, Skarðsströnd   | 307       | 56           | 35,7              | 88,6%         |
| 14 Hrepphólar ehf.                  | Hrepphólum, Hrunam.hrepp     | 301       | 79           | 35,7              | 89,8%         |
| 15 Þórður og Birgitta               | Möðruvöllum 2, Hörgárdal     | 105       | 21           | 35,2              | 85,7%         |
| 16 Böðvar Sigvaldi og Ólöf          | Mýrum 2, Hrutafirði          | 540       | 125          | 35,0              | 87,8%         |
| 17 Jóhannes og Ólöf Björg           | Heiðarbæ 1, Þingvallasveit   | 392       | 108          | 34,8              | 85,0%         |
| 18 Ása Berglind Böðvarsdóttir       | Mýrum, Hrutafirði            | 274       | 64           | 34,8              | 90,5%         |
| 19 Bergþóra og Sigurbjörn           | Kiðafelli, Kjós              | 147       | 48           | 34,7              | 86,0%         |
| 20 Sveinn Hallgrímsson              | Skálanesi, Reykhólasveit     | 226       | 34           | 34,6              | 93,7%         |

3. tafla. Efstu bú landsins samkvæmt afurðum eftir allar ær (veturgamlar og fullorðnar). Bú með 100 eða fleiri vetrafóðraðar kindur.

| Eigandi                      | Býli                               | Fjöldi fullorðnar | Afurðir eftir allar ær | Nytjahlutfall |
|------------------------------|------------------------------------|-------------------|------------------------|---------------|
| 1 Egill A Freysteinsson      | Vagnbrekku, Mývatnssveit           | 104               | 28,8                   | 97,6%         |
| 2 Valur Guðmundsson          | Fremri-Hlíð, Vopnafirði            | 112               | 29,4                   | 96,9%         |
| 3 Bernharð og Eyrún          | Ærlækjarseli 1, Öxarfirði          | 113               | 29,3                   | 95,6%         |
| 4 Mýri Bárðardal ehf.        | Mýri, Bárðardal                    | 123               | 34,1                   | 95,3%         |
| 5 Sverrir Friðriksson        | Brekku, Eyjafjarðarsveit           | 136               | 29,5                   | 95,2%         |
| 6 Eyjólfur og Lóa            | Ásgarði, Hvammssveit               | 312               | 32,9                   | 94,7%         |
| 7 Þerna ehf.                 | Þernunesi, Reyðarfirði             | 336               | 31,9                   | 94,7%         |
| 8 Monika og Halldór          | Rauðbarðaholti, Hvammssveit        | 255               | 29,8                   | 94,5%         |
| 9 Kjartan og Sigrún          | Teigasel 1, Jökuldal               | 300               | 29,9                   | 94,4%         |
| 10 Sigríður Auðna G. Hjarðar | Hjarðargrund, Jökuldal             | 113               | 28,2                   | 94,3%         |
| 11 Andrés Björnsson          | Gilsárvöllum 1, Borgarfirði eystri | 317               | 28,3                   | 93,9%         |
| 12 Freysteinn Traustason     | Hverhólum, Lýtingsstaðahrepp       | 105               | 30,1                   | 93,8%         |
| 13 Sveinn Hallgrímsson       | Skálanesi, Reykhólasveit           | 226               | 34,6                   | 93,7%         |
| 14 Stefán Hrafn Jónsson      | Hnefilsdal, Jökuldal               | 275               | 29,5                   | 93,7%         |
| 15 Magni Þórarinn Ragnarsson | Brennistöðum, Eiðabínghá           | 305               | 29,3                   | 93,4%         |
| 16 Björn Grétar og Harpa     | Ytra-Vallholti, Vallhólmi          | 530               | 29,5                   | 93,1%         |

2. tafla. Efstu bú landsins raðað eftir nytjahlutfalli bús. Bú með 100 eða fleiri vetrafóðraðar ær og meira en 28 kg eftir hverja kind búsins.



1. mynd. Reiknaðar afurðir (kg/kg) eftir landsvæðum síðustu ár.

# Krefjandi tíðarfar fyrir bændur

– Helstu niðurstöðutölur sauðfjárskýrsluhaldsins árið 2024

Uppgjöri á skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir árið 2024 er að mestu lokið og þau bú sem enn eiga eftir að ljúka uppgjöri eru hvött til að ljúka því við fyrsta tækifæri.



Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Afurðir eftir hverja fullorðna kind voru 28,4 kg sem eru minni afurðir en undanfarin ár, en telst samt sem áður góður árangur í ljósi þeirra áskorana sem bændur landsins bjuggu við á síðasta ári. Áhrif af hretinu í fyrstu viku júní sjást greinilega í mörgum héruðum sem færri kíló eftir hverja kind en samt

ekkert langt frá meðalafurðum síðustu 10 ára. Þó þarf að hafa í huga að fé hefur fækkað mikið síðustu ár sem hefur einhver áhrif á samanburð milli ára. Hlutfallslega hefur fækkun sauðfjár verið minnst í Austur-Húnavatnssýslu en mest á Vestfjörðum og í Vestur-Skaftafellssýslu.

Þegar þetta er skrifað er búið að skila skýrsluhaldi fyrir 264.245 fullorðnar ær og 59.806 veturgamlar, eða tæplega 96% af öllu sauðfé í landinu, sem er líklega mesta þátttaka í sameiginlegu skýrsluhaldi á heimsvísu. Skýrsluhaldið er eitt af þeim verkfærum sem hver bóndi nýtir í ákvarðanatöku í sínum búrekstri og á þannig þátt í auknum afurðum á hvern grip á síðustu 20 árum, ef skoðaðar eru tölur um innlagt magn dýlkakjöts og fjölda kinda í landinu.

## Afurðir árið 2024

Reiknaðar afurðir eftir hverja kind voru 28,4 kg árið 2024. Mestu afurðir í einu héraði voru í Vestur-Húnavatnssýslu, eða 30,7 kíló. Fædd lömb á hverja kind voru 1,85 vorið 2024 og

| Eigandi                             | Býli                                   | Fjöldi sláturlamba | Fallþungi | Gerð  | Fita Vaxtarhraði gr/dag | Sláturaldur (dagar) |
|-------------------------------------|----------------------------------------|--------------------|-----------|-------|-------------------------|---------------------|
| 1 Sigurfinnur Bjarkarsson           | Brattsholti, Árborg                    | 121                | 19,7      | 12,71 | 8,36                    | 132                 |
| 2 Gunnar, Gréta, Jóhannes og Stella | Efri-Fitjum, Fitjárdal                 | 1505               | 20,7      | 12,57 | 7,59                    | 151                 |
| 3 Árni Þór Baldursson               | Odda, Bjarnarfirði                     | 110                | 22,0      | 12,47 | 7,99                    | 159                 |
| 4 Ágúst Ingi Ketilsson              | Brúnastöðum, Flóa                      | 168                | 20,3      | 12,46 | 7,51                    | 137                 |
| 5 Þórður Jónsson                    | Árbæ, Reykhólasveit                    | 100                | 19,4      | 12,32 | 7,71                    | 132                 |
| 6 Björn og Badda                    | Melum 1, Árneshrepp                    | 461                | 19,7      | 12,28 | 7,08                    | 159                 |
| 7 Hjarðarfellsbúið sf.              | Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshrepp | 129                | 19,6      | 12,28 | 6,67                    | 131                 |
| 8 Guðlaugur Ingólfur Benediktsson   | Árnesi 2, Árneshrepp                   | 267                | 19,9      | 12,16 | 7,59                    | 157                 |
| 9 Kjartan Sveinsson                 | Bræðratungu, Biskupstungum             | 376                | 23,2      | 12,09 | 8,36                    | 139                 |
| 10 Böðvar Sigvaldi og Ólöf          | Mýrum 2, Hrutafirði                    | 856                | 20,1      | 12,09 | 7,54                    | 142                 |
| 11 Ása Berglind Böðvarsdóttir       | Mýrum 1, Hrutafirði                    | 464                | 20,1      | 12,09 | 7,73                    | 141                 |
| 12 Bjarni Bjarnason                 | Brekku, Lóni                           | 216                | 18,3      | 12,06 | 7,14                    | 118                 |
| 13 Hjalti Sigurðsson                | Hreiðri, Holtum                        | 134                | 21,6      | 12,05 | 8,14                    | 145                 |
| 14 Þórdís og Tyrfirgur              | Meiri-Tungu 4, Holtum                  | 246                | 20,7      | 12,00 | 7,95                    | 136                 |
| 15 Haukur og Randi                  | Skáney, Reykholtssdal                  | 117                | 19,0      | 12,00 | 6,78                    | 132                 |
| 16 Guðbjörg og Sigurður Oddur       | Oddsstöðum, Lundarreykjardal           | 248                | 18,3      | 11,98 | 6,71                    | 126                 |
| 17 Fjárbúið Hjarðarfelli 2          | Hjarðarfelli, Eyja- og Miklaholtshrepp | 434                | 19,3      | 11,91 | 7,28                    | 131                 |
| 18 Ragnar og Sigríður               | Heydalsá 1, Tungusveit                 | 886                | 19,1      | 11,89 | 7,14                    | 136                 |
| 19 Sigurður Rúnar Sigurðarson       | Vetleifsholti, Ásahrepp                | 152                | 19,6      | 11,87 | 7,64                    | 140                 |
| 20 Viðar og Sigríður                | Kaldbak, Rangárvöllum                  | 223                | 20,9      | 11,85 | 7,40                    | 150                 |
| 21 Gaularbúið ehf.                  | Gaul, Staðarsveit                      | 247                | 18,8      | 11,84 | 6,38                    | 130                 |
| 22 Davíð og Sigrún                  | Litlu-Ávík, Árneshrepp                 | 160                | 19,4      | 11,84 | 7,13                    | 151                 |
| 23 Birgir Baldursson                | Bæ 1, Miðdölum                         | 143                | 18,2      | 11,80 | 7,45                    | 132                 |
| 24 Ágústína og Halldór              | Hjartarstöðum, Eiðabínghá              | 180                | 19,5      | 11,78 | 7,68                    | 140                 |
| 25 Teigur 1 sf.                     | Teigi 1, Fljótshlíð                    | 1063               | 20,4      | 11,76 | 7,17                    | 138                 |

4. tafla. Efstu bú landsins samkvæmt einkunn fyrir holdfyllingu sláturlamba (gerð) þar sem fjöldi sláturlamba eru 100 eða fleiri.

hefur farið lítilega fjölgandi en helsta ástæða þess er aukinn fjöldi kinda sem eignast þrjú lömb eða fleiri. Fer það hlutfall í fyrsta skipti yfir 10% á landinu öllu en er eftir sem áður hæst í Vestur-Húnavatnssýslu 1,91 lömb, þar sem 13% anna eru fleirlembur, en hlutfall geldra kinda er einnig nokkuð undir landsmeðaltali. Af þeim rúmlega 850 búum sem hafa fleiri en 100 fullorðnar ær eru 120 bú með 2 lömb fædd eða fleiri eftir hverja kind. Í þremur

fjárræktarfélögum eru 2 lömb eða fleiri fædd að jafnaði, í fjárræktarfélagi Skefilsstaðahrepps, Skagafirði, Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu og Hvammshrepps í V-Skaftafellssýslu.

Á meðfylgjandi mynd má sjá afurðir síðustu tveggja ára (2024 rauð súla, 2023 græn súla) sýndar eftir sýslum ásamt meðaltali síðustu 10 ára (blá súla) í viðkomandi héraði. Alls náðu 9 bú með fleiri en 100 kindur því að vera með meira en 40 kg eftir hverja fullorðna kind og

sífelld fleiri bú bætast í hóp afurðahárra búa. Tvö bú ná meira en 40 kg eftir allar kindur búsins, þ.e. vegið meðaltal fullorðinna kinda og veturgamalla. En það eru Gýgjarhólskot og Bræðratunga í Biskupstungum.

Afurðir eftir veturgömlu ærnar eru góðar og eru 12,3 kíló en þessar afurðir hafa aukist jafnt og þétt undanfarin ár sem er til marks um bætta umhirðu og fóðrun gemlinga. Líklega eru samt mest tækifæri til afurðaaukningar

hjá sauðfé í þessum hópi en mjög skiptar skoðanir eru meðal bændu um hversu mikla afurðakröfu á að gera á veturgamlar ær en of víða er ekki hleypt til gemlinga en það hlutfall er 10,6% á landsvísu en hefur farið heldur lækkandi. Í Vestur-Húnavatnssýslu er þetta hlutfall 1,7% enda eru reiknaðar afurðir eftir hverja veturgamla kind mestar á landinu þar, eða 15,5 kg á hverja kind. Tíðarfar virðist þó hafa verið sérstaklega hagfelld sauðfé víða sunnanlands sumarið 2024 því þar er vænleiki víða umtalsvert meiri en árin á undan. Ef heildarafurðir eftir bæði fullorðnar og veturgamlar kindur eru skoðaðar stendur V-Skaftafellssýsla á toppnum með 27,5 kg eftir hverja kind en Stradamenn og Vestur-Húnavetningar eru þar skammt að baki. Á þessum þremur svæðum er hver kind með rúmlega 2 kg meira í reiknaðar afurðir en meðalkindin í landinu. Minnstar eru afurðir eftir hverja kind í Austur-Húnavatnssýslu og Skagafirði en þar lék tíðarfarið bændur hvað verst þó þar hafi menn unnið ákveðinn varnarsigur í því að fást við öfgakennt tíðarfar.

Efstu búin

Rúmlega 860 bú með fleiri en 100 fullorðnar kindur hafa skilað uppgjöri. Í 1. töflu er þeim raðað eftir afurðum eftir hverja kind. Líkt og undanfarin ár er bú Eiríks Jónssonar í Gýgjarhólskoti í Biskupstungum efst með 44,8 kg eftir fullorðna kind. Næst í röðinni er bú Kjartans Sveinssonar í Bræðratungu sem einnig er í Biskupstungum með 43,2 kg eftir hverja kind og búið að Efri-Fitjum í Fitjárdal er í þriðja sæti með 42,8 kg eftir hverja kind. Sífellt fleiri bú eru að ná auknum afurðum og sem dæmi má nefna að árið 2024 voru 56 bú með meira en 35 kg eftir hverja fullorðna kind en árið 2010 náðu einungis 12 bú þeim árangri.

Frjósemi og lömb til nytja

Afurðir eftir hverja á byggja á fjölda lamba til nytja og fallþunga lambanna og má kannski ekki taka sem algildum mælikvarða á útkomu sauðfjárbúa, þar sem þættir í framleiðslukerfinu eða aðstæður á milli búa geta verið mismunandi. Uppbygging á verðskrárm hefur undanfarin ár verið með innbyggðum hvata til þess að slátra lömbunum fyrr á haustin og fá álag greitt á lömb í ákveðnum sláturvíkum. Það sem mestu skiptir er að fá sem flest lömb til nytja að hausti. Nytjahlutfall er hlutfall þeirra lamba sem koma til nytja að hausti af þeim lömbum sem fædd eru að vori. Þarna er mikill breytileiki milli búa en í 2. töflu eru upplýsingar um þau bú sem hafa hæsta nytjahlutfall og skila meiru en 29 kg eftir allar ær búans.

Afurðir eftir allar ær búans

Nú er í þriðja sinn birtur listi yfir mestar afurðir eftir allar fullorðnar og veturgamlar ær á búinu. Röðun búanna er keimlík og miðað við listana fyrir fullorðnar ær en þó er alltaf einhver hreyfing sem er vísbending um að veturgömlu ærnar hafi staðið sig mjög vel. Jafnframt er rétt að hafa það í huga þegar þessi listi er skoðaður hvert hlutfall veturgömlu ánnar er af heildarfjölda. Þessi listi sýnir líka hve mikilli framleiðslu er hægt að ná ef tækifærin eru nýtt eins og kostur er og íslenska fjárkynið á mun meira inni þegar kemur að afurðum veturgamla kindna þegar kemur að föðrun og umhirðu þeirra á fyrsta ári.

Listi yfir bú sem ná góðum árangri (úrvalsbú)

Í nokkur ár hefur verið birtur listi á heimasíðu RML yfir bú sem náð hafa mjög góðum árangri með sína hjörð að teknu tilliti til margra þátta. Þessar viðmiðanir hafa verið í mótun og tekið breytingum í gegnum árin. Það er eðlilegt að svona viðmiðanir taki nokkuð örum breytingum í takt við vonandi almennt betri árangur hjá fleirum. Engar breytingar eru þó á uppsetningu listans milli áruna 2023 og 2024. Listann má finna á heimasíðu RML ásamt öllum öðrum niðurstöðum skýrsluhaldsins fyrir árið 2024, meðal annars umfjöllun um afkvæmarannsóknir, lista yfir mestu bakvöðvaþykkt gimbra og lista yfir afurðir einstakra fjárræktarfélaganna.

Niðurstöður fyrir flokkun sláturlamba

Í skýrslum fjárræktarfélaganna fyrir framleiðsluárið 2024 eru upplýsingar um 386.931 dilk. Meðalfallþungi þeirra var 17,4 kg, einkunn fyrir holdfyllingu 9,50 og einkunn fyrir fitu 6,55, sem er örlítil lækkun milli ára. Miðað við 100 sláturlömb eða fleiri eru það 33 bú sem ná þeim frábæra árangri að holdfyllingareinkunn sláturlambanna sé 11,5 eða hærri. Árið 2021 voru þau 17 þannig að sífellt fleiri bú eru að skora herra í holdfyllingarmati sláturlamba. Hæst gerðarmat var hjá Sigurfinni Bjarkarsyni í Brattholti í Árborg líkt og fyrir ári síðan, en 121 dilkur frá honum var að meðaltali með einkunnina 12,71.

Að lokum

Árið 2024 var prófsteinn á íslenska sauðfjárbændur – móðir náttúra minnti rækilega á sig og sumarið brást með öfgakenndu tíðarfari mjög víða. En sauðfjárbændur sýndu mikla aðlögunarhæfni og sinnu sínum verkefnum af kostgæfni. Niðurstöður skýrsluhaldsins fyrir árið 2024 staðfesta það.

Höfundur er ráðunautur í sauðfjárrækt.

# KÄRCHER

## Hreinsibúnaður og vélar



K háprýstidælur      HD háprýstidælur      HDS háprýsti/hitadælur



PGG rafstöðvar      NT ryksugur



**RAFVER**  
rafver.is - S: 581 2333 - rafver@rafver.is

Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakmörkurum



Við erum með nýjstu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.  
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

**Vík verkstæði**  
Einhella 6,221 Hafnarfirði





# HILLTIP

## VETRARBÚNAÐUR

SNJÓTENNUR, FJÖLPLÓGAR, SALT - OG SANDDREIFARAR

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464  
www.wendel.is - wendel@wendel.is